



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 30. janúar 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.), 499. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 21. desember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.), 499. mál á 141. löggjafarþingi.

Frumvarpið er samið í velferðarráðuneyti að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti, embætti landlæknis og ÁTVR. Þær takmarkanir á frekari markaðssetningu og vöruþróun reyklauss tóbaks, sem í frumvarpinu felast, eru taldar nauðsynlegar vegna aukinnar notkunar á reyklausu tóbaki og aukinnar notkunar ungs fólks á íslensku neftóbaki sem munntóbaki.

Rannsóknir hafa sýnt að skaðsemi reyklauss tóbaks er einnig mikil og að neysla þess getur leitt til ýmissa sjúkdóma. Í því eru efni sem valdið geta krabbameini í munnholi, vélinda og briskirtli, eins og rakið er í almennum athugasemdum frumvarpsins. LÍ telur það áhyggjuefni að á sama tíma og tekist hefur að draga úr reykingum þá skuli munntóbaksneysla ungs fólks hafa aukist. Full ástæða er því til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og eru þær breytingar sem í frumvarpinu eru lagðar til liður í slíkri viðleitni.

LÍ styður þær takmarkanir sem í frumvarpinu felast og leyfir sér að senda Alþingi ályktanir frá Tóbaksvarnarþingum félagsins 2009 og 2011. Eins og fram kemur í þeim ályktunum telur LÍ afar brýnt að grípa til aðferða og aðgerða sem draga úr nýliðun tóbaksneytenda meðal barna og unglinga og að slíkar aðgerðir fari í forgang af stjórnvöldum. LÍ hefur bent á að miklu skipti að hindra að börn og unglingar ánetjist tóbaki. Takmarkanir á aðgengi að tóbaksvörum, þ.á m. reyklausu tóbaki, eru liður í slíkri aðgerðaráætlun.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Hjálagt:

Þrjár ályktanir LÍ um tóbaksvarnir frá 2009 og 2011.

Ályktun Tóbaksvarnarpings Læknafélags Íslands

haldið þann 11. september 2009

Tóbaksvarnaþing haldið þann 11. september 2009 bendir á að samhæfðar aðgerðir gegn heilsuvá á seinustu öld skiluðu víðtækum árangri og bættri heilsu þjóðarinnar. Þær aðferðir má einnig nota við tóbaksfaraldri þeim sem enn geisar á Íslandi sem kostar þjóðarbúið um 30 milljarða á ári.

Mikið og gott starf er þegar unnið af fjölmörgum aðilum í tóbaksvörnum. Alþjóðlegur samanburður sýnir þó að meðferðarúrræði fyrir reykingamenn hér á landi eru takmörkuð.

Ályktanir þingsins beinast ekki gegn reykingamönnum. Aðgerðirnar beinast fyrst og fremst að því að minnka nýliðun reykingamanna.

Tóbaksvarnaþing hvetur til þess að reykingamenn og þeir sem ekki reykja, sýni hver öðrum skilning, virðingu og tillitssemi.

Setja þarf aukinn kraft í forvarnir til að hindra ungmenni í að ánetjast tóbaki. Þekkt er að fimmta hvert ungmenni um tvítugt reykir á Íslandi. Þetta er staðreynd sem verður að breyta.

Þingið leggur áherslu á að best sé að hefja aldrei reykingar og ólíðandi er að daglega ánetjist 2-3 ungmenni nikótíni hérlandis.

- Þingið hvetur félagasamtök, stéttarfélög, stjórnmalaflokka, sveitarfélög, skóla, íþróttafélög, fyrirtæki og samtök atvinnurekenda til að taka upp umræðu um tóbak, kostnað vegna þess og þann skaða sem notkun þess veldur á heilsu og lífsgæði einstaklinga.
- Þingið leggur til að stéttarfélög, samtök atvinnulífsins, sveitarfélög og fyrirtæki móti sér virka stefnu í tóbaksvarnamálum og velji fulltrúa úr röðum starfsmanna. Hann sjái um að stefnu fyrirtækisins sé fylgt eftir, og aðstoðar og fræðir um leiðir til úrbóta, skipuleggur námskeið, osfrv.
- Þingið hvetur stjórnmalaflokka til að setja sér langtímastefnu í tóbaksvarnamálum. Jafnframt hvetur þingið Alþingi og ríkistjórn til að setja framsækin markmið í tóbaksvörnum við næstu endurskoðun heilbrigðisáætlunar.
- Þingið hvetur til að fræðsla verði stóraukin til foreldra um skaðsemi reykinga á meðgöngu og á heimilum barna og þeim veitt úrræði sem þess þurfa með.
- Þingið leggur til að forvarnafræðsla í skólum verði eflað enn frekar. Tryggt verði að nægileg fræðsla um skaðsemi tóbaks fari fram í skólum landsins og sé fest í námsskrá sem hluti af skyldunámsefni. Koma þarf á virku eftirliti með að þessu hlutverki skóla sé sinnt.
- Þingið leggur áherslu á að virk aðgerðaáætlun verði í boði fyrir nemendur sem nota tóbak og fjölskyldur þeirra. Með því er átt við að nemendur séu studdir til tóbaksleysis með fræðslu og stuðningi og bent á víðtæk úrræði. Jafnframt fái foreldrar og forráðamenn viðeigandi aðstoð. Efla þarf samstarf skóla og foreldrafélaga um tóbaksvarnir. Stutt verði við starf forvarnarfulltrúa og skólahjúkrunarfræðinga í framhaldsskólum.

- Þingið leggur að íþróttafélögum að fylgja eftir ályktun ÍSÍ um bann við allri tóbaksnotkun (þ.m.t. munn- og neftóbaki) á æfingum og í félagsstarfi, sem og í húsnæði og á íþróttasvæðum sem þau nýta. Minnt er á mikilvægt hlutverk þjálfara og íþróttamanna í elstu flokkum sem fyrirmynd ungmenna.
- Þingið hvetur öll félög sem sinna félags- og æskulýðsstarfi til að framfylgja markvissri tóbaksvarnarstefnu.
- Þingið hvetur yfirvöld til að tryggt verði aukið fjármagn til tóbaksvarna. Með því að efla forvarnir dregur úr samfélagslegum kostnaði vegna tóbaksnotkunar.
- Þingið bendir á nauðsyn þess að nútímasamskiptamiðlar verði nýttir til tóbaksvarna fyrir ungmenni.
- Þingið leggur til að þverfaglega nálgun um tóbaksvarnir verði aukin innan heilsugæslunnar.
- Þingið hvetur heilbrigðisyfirvöld og heilbrigðisstofnanir til að setja meðferð tóbaksfíknar í forgang.
- Þingið hvetur til þess að kannað verði hvaða meðferðarúræði eru í boði og hvernig bæta megi þau enn frekar í samræmi við gagnreynda þekkingu.
- Þingið leggur til að komið verði á fót þverfaglegri miðstöð í meðferð við tóbaksfíkn. Hlutverk hennar væri að vera samhæfingaraðili og leiðandi í meðferð tóbaksfíknar sem ekki svarar fyrstu meðferð. Þar færi einnig fram kennsla í samstarfi við háskólana.
- Þingið bendir á að lyf sem notuð eru við tóbaksfíkn, sem hluti af virkri meðferð, ætti að niðurgreiða af Sjúkratryggingum Íslands.
- Þingið telur að auka þurfi kennslu nema, í heilbrigðisvísindum, í tóbaksfræðum. Því ætti að stofna kennslu- og rannsóknarstöður við háskóla sem væru leiðandi í rannsóknum í tóbaksfræðum hér á landi.

Aðgerðir:

Tóbaksvarnaþing leggur til eftirfarandi aðgerðir:

Takmarkað aðgengi

- Að hætta sölu tóbaks í matvöruverslunum og á bensínstöðvum fyrir árslok árið 2010.
- Að hætta sölu tóbaks í söluturnum árið 2012.
- Stefna að því að Ísland verði fyrsta landið í heiminum til að taka tóbak alfarið úr almennri sölu.
- Nýjar dreifingar og söluleiðir á tóbaki (t.d. öll sjálfsafgreiðsla) verði óheimilar.
- Tóbak verði tekið úr sölu í fríhöfnum íslenskra flugvalla.

Hækkun aldurs til kaupa og afgreiðslu á tóbaki

- Aldur til að geta keypt tóbak verði hækkaður í 20 ár fyrir árslok 2010.
- Aldur til að afgreiða tóbak verði hækkaður í 20 ár fyrir árslok 2010.

Takmarka auglýsingar og sýnileika tóbaks

- Að hnykkt verði á banni við að auglýsa eða selja varning með nafni eða merki sem tóbak er einnig fánlegt undir.
- Auglýsingar, t.d. á kappakstursbílum eða í íþróttauðsendingum, verði takmarkaðar með því að skylt verði að útmá auglýsingarnar í t.d. sjónvarpsútsendingu eða tímariti.
- Þingið telur óæskilegt að leikarar reyki í íslenskum bíómyndum og á leiksviðum.

Takmörkun reykinga á almannafæri

- Vernda þarf hópa sem enn eru útsettir fyrir óbeinum reykingum s.s. fangar, fangaverðir og starfsmenn vistheimila.
- Stefnt verði að því að afnema reykingar á almannafæri.

Verðhækkun

- Að taka tóbak út úr vísitöluútreikningi.
- Stefnt skal að því að útsöluverð á tóbaki standi undir samfélagslegum kostnaði við neyslu þess.

Nikótín er skilgreint sem lyf skv lögum, en þingið leggur til að nikótín og tóbak verði einnig skilgreind sem ávana- og fíkniefni.

Komið verði á fót embætti Tóbaksvarnarlæknis sem hafi það hlutverk að sporna við tóbaksfaraldrinum og hafi valdheimildir að fyrirmynd Sóttvarnarlæknis.

Sveitarfélög og heilbrigðisnefndir eru hvattar til að ganga með ákveðnari hætti fram í að lögum og reglum sé framfylgt. Rekstrarleyfi tóbakssöluhafa verði skilyrðislaust innkölluð við brot.